

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 64/98
frá 14. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 95/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 96/C 224/03 frá 8. júlí 1996 um samvinnu milli stjórnsýslustofnana um
framkvæmd löggjafarinnar um innri markaðinn⁽²⁾ og ályktun ráðsins 96/C 224/05 frá 8. júlí
1996 um einföldun löggjafar og stjórnsýslu varðandi innri markaðinn⁽³⁾ skulu felldar inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við 12. lið (ályktun ráðsins 94/C 179/01 frá 16. júní 1994) í XIX.
kafla II. viðauka við samninginn:

„13. **96/C 224/03:** Ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 um samvinnu milli stjórnsýslustofnana um
framkvæmd löggjafarinnar um innri markaðinn (Stjtið. EB C 224, 1.8.1996, bls. 3).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 75.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 224, 1.8.1996, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 224, 1.8.1996, bls. 5.

14. **96/C 224/05:** Ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 um einföldun löggjafar og stjórnsýslu varðandi innri markaðinn (Stjtið. EB C 224, 1.8.1996, bls. 5).”.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktana ráðsins 96/C 224/03 og 96/C 224/05 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 14. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner